

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 137/310*  
*komudagur 22.6.2009*

Umhverfisnefnd Alþingis  
Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður,  
Alþingi v/ Austurvöll  
150 Reykjavík.

Reykjavík 19. Júní 2009

**Erindi: Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur. Þskj. 2 – 2. mál.**

1.

Með breytingu á lögum 18/1996 er bætt við kafla sem varðar sérstaklega upplýsingagjöf til almennings og réttur almennings til að gera athugasemdir. Fagna ég þeim kafla sérstaklega.

2.

Um 4. grein frumvarps: Í fyrri lögum er fræðsla um erfðabreyttar lífverur lögð á herðar nefnd þeirri sem undirrituð veitir formennsku, en aldrei fékkst fé til. Í þessu frumvarpi er sú skylda lögð á herðar Umhverfisstofnunar í samráði við ráðgjafanefndina. Vonandi verður sú ráðstöfun til góðs. Ég bendi sérstaklega á að með auknum rétti til að gera athugasemdir er fræðsla til almennings um þetta málefni mjög mikilvæg. Upplýst umræða getur einungis átt sér stað af vel upplýstum almenningi.

3.

Um 5. grein frumvarps: Varðandi samsetningu ráðgjafanefndar um erfðabreyttar lífverur, legg ég til að 5. málsgrein í 6. gr. gömlu laganna flytjist upp og verði í framhaldi af 1. málsgrein, og hljóði svo: Við skipan í nefndina skal ráðherra eiga samráð við sérfræðistofnanir í náttúrfræði og siðfræði, og forðast skal tengsl við hagsmunaaðila.

Rök: Ákaflega mikilvægt er að ekki leiki vafi á að umsagnir sem koma frá ráðgjafanefndinni séu unnar á faglegan hátt. Hverja umsókn þarf að skoða og meta fyrir sig eftir þeim upplýsingum sem fram koma í framlögðum gögnum. Varast verður að ráðgjafanefndin eða aðilar innan hennar láti frá sér umsagnir sem skrifaðar eru út frá fyrirframgefnum skoðunum eða fordómum, eða í ráðgjafanefndina sé sett fólk sem á hagsmuna að gæta. Í gömlu lögunum er gefið færi á að skipa fólk án tilnefningar frá stofnunum í náttúrfræði og siðfræði með því að orða 5. málsgreininu losaralega, en með því orðalagi sem ég legg til yrði bætt úr því.

Viðbótarrök eru þau, að í 2001/18, (53), þar sem talað er um „scientific committee(s)“, er vísað í Official Journal 237, 28.08.1997, þar sem er kveðið á um að stofnaðar séu slíkar nefndir sem hafðar séu til ráðgjafar. Greinilegt er þar að ætlast er til í að haft sé samráð við vísindasamfélagið.

4.

Um 3. grein frumvarps varðandi breytingu á 4. gr. laganna. Ég legg til að c. hluti verði svohljóðandi:

Orðskýringin „Slepping eða dreifing“ orðast svo: Slepping eða dreifing er sú aðgerð þegar erfðabreyttar lífverur eða vara sem hefur þær að geyma, eru ræktaðar eða aldar utanhúss.

Til vara: Orðskýringin „Slepping eða dreifing“ orðast svo: Slepping eða dreifing er sú aðgerð þegar erfðabreyttar lífverur eða vara sem hefur þær að geyma eru ræktaðar eða aldar án þess að loka þær af með veggjum til þess að hindra að þær geti haft áhrif á fólk, aðrar lífverur, líffræðilega fjölbreytni eða umhverfið.

Rök: Núverandi skilgreining á „sleppingu og dreifingu“ er illskiljanleg og mjög óheppileg. Í lögunum er hugsunin sú að „sleppingu og dreifingu“ eigi við starfsemi með erfðabreyttar lífverur utanhúss, og best er að orða lögin þannig. Yfirleitt krefst löggjafinn tálmana í útiræktun, líffræðilegra, landfræðilegra, ýmissa aðgerða o.s. frv. Slíkar tálmanir gera að samkvæmt núverandi orðanna hljóðan er ekki rétt að skilgreina alla útiræktun sem sleppingu eða dreifingu. Þetta þarf að leiðrétta. Líklega hefur upphaflega verið átt við „mekanískar“ tálmanir, veggj, til þess að auðkenna þennan flokk frá afmarkaðri notkun. Orðið sem notað er í ensku, containment, vísar til þess sem lokað er af.

Með vinsemd og virðingu



Eva Benediktsdóttir

Formaður ráðgjafanefndar um erfðabreyttar lífverur

Eva Benediktsdóttir, dósent

Líffræðistofnun Háskólans

Háskóli Íslands

Askja, Sturlugata 7,

101 Reykjavík.

Sími: 525 4584

Netfang: eben@hi.is